

LÖG
um breytingu á lögum um kirkjugarða,
greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 (rekstur líkhúsa).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 20. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Kirkjugarði sem starfrækir líkhús skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta gjald fyrir geymslu líka. Við ákvörðun gjalds skal í gjaldskrá leggja til grundvallar kostnað vegna reksturs líkhússins, m.a. kostnað vegna launatengdra gjalda, húsnæðis, rafmagns, viðhalds, ræstinga, tækja, áhalda, öryggiskerfis og trygginga. Gjaldskráin skal staðfest af ráðherra.

2. gr.

Við 1. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef eftir því er leitað og sérstakar aðstæður eru fyrir hendi er kirkjugarðsstjórn heimilt að taka frá grafarstæði til lengri tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 17. desember 2025.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.